



Ragnhildur Stefánsdóttir: Ímyndun, steinleir. 1985.



Steinunn Þórarinsdóttir: Veruleikur, steinsteypa og járn. 1985.

uppsetningu og útlit sýningarinnar í heild. Að hinni sýningunni stóð Páll Guðmundsson á Húsafelli, málari, sem í þetta sinn notaði nærtækt grjót og náði að miðla einhverskonar frumkrafti. Í þessu sambandi er einnig vert að geta um myndir höggnar í stein og máladar að hluta, sem voru á nýlegri sýningu Gunnars Arnar Gunnarssonar. Það virðist svo sem þessar listgreinar séu í vaxandi mæli að skarast; málarar hika ekki við að sýna myndir, sem hljóta að teljast skúlptúr að verulegu leyti. Stundum er óljóst, hvort fremur er um að ræða lágmynd eða málverk.

Kannski er það einnig táknrænt fyrir fjörið, sem færst hefur í höggmyndalistina, að árleg myndlistaverðlaun DV voru að þessu sinni veitt myndhöggvara: Jóni Gunnari Árnasyni, sem er framúrstefnumaður í greininni og er að minnsta kosti töluverður hluti verka hans, sem tengist konseptlist og nefnd hefur verið hugmyndalist. Listamaðurinn vinnur með ákveðið „konsept", ákveðna hugmyndafræðilega vísun, en notar ekki alltaf varanlegan búning, eða varanleg efni. Skúlptúr getur nú á dögum verið úr brauði.

Útilist — Opinber List

Myndhöggvarar eiga við það almenningsálit að stríða, að höggmyndir eigi að vera opinber list, sem komið er fyrir úti við eða í stofnunum. Það er að vísu rétt, að margar höggmyndir prýða stofnanir. Hitt er útbreiddur misskilningur, að höggmyndir ýmiskonar séu eitthvað síðri til að hafa fyrir augunum á heimilum en málverk til dæmis. Það þykir óhagræði, þegar ekki er hægt að hengja myndir upp á veggi og frístandandi skúlptúrar verða undir í samkeppninni, ef svo mætti segja, vegna þess arna. Það er fyrst og fremst tízka og tíðarandi, sem úrslitum ræður í þessu efni; nógu stórt byggjum við Íslendingar, ekki sízt uppá síðkastið. Stofur verða æði oft svo stórar, að betra þykir að skipta þeim að einhverju leyti með skilrúmum. Í því sambandi má benda á, að skúlptúr gæti myndað skilrúm, eða staðið sem hluti af því.

Á sýningu Myndhöggvarafélagsins á Kjarvalsstöðum sjáum við hefðbundna útfærslu: Myndir höggnar í stein, eða skornar í tré. En þar er líka skúlptúr úr steinleir, steinsteypu, stáli og fleiri málmum. Þar er einnig ærin, sem ekki fékk inngöngu á kirkjulistarsýninguna fyrir tveimur árum. Þetta guðslamb á áreiðanlega eftir að hneyksla einhverjar frómar sálir, sem munu undrast, hvernig þetta getur flokkast undir höggmyndir! Já, svona eru þeirra ær (og kýr). En það að fá menn til að undrast er líka hlutverk listarinnar.

GÍSLI SIGURÐSSON

Undir-meðvitundin er viljugt verkfæri

Þorsteinn Gauti Sigurðsson er aðeins 24 ára gamall, en hefur hlotið þá dóma tónlistargagnrýnenda, að með leik sínum með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrr í vetur hafi hann skipað sér í fremstu röð pianóleikara hérlendis.

Ég hlýddi á hann leika í Austurbæjarbíói á vegum Tónlistarfélagsins fyrir tveimur árum. Fyrir utan leik hans, sem þá þegar var frábær, var eitthvað við persónu þessa unga manns sem orkaði sterkt á mig og gerði hann forvitnilegan í mínum augum. Enn sé ég hann ljóslifandi fyrir mér á senunni íklæddan allt of stórum smóking við kámugan konsertflygil Austurbæjarbíós. Síðan hef ég fylgst með honum úr fjarlægð, án þess þó að þekkja nokkuð til hans, og sætti færis þegar hann var hér heima að ná af honum tali.

Rómur hans var dimmur og karlmannlegur í símanum. Viðtal við Lesbókina, því ekki það. En heima hjá móður hans, þar sem hann dvaldi, væri lítið næði. Við ákváðum að hann kæmi heim til mín.

Ég sá hann út um gluggann þar sem hann stikaði stórum á milli blokkanna með storminn í fangið. Frakkinn var óhnepptur og skein á brjóstsykurbleika skyrtu og frostpinnagrænan trefil sem flaksaðist til og frá. Hann hafði dvalið í New York og Róm, vissi ég. Voru þessir skæru litir amerísk áhrif eða ef til vill ítölsk?

Einfaldlega Baktería Sem Settist Að Í Skrokknum

Nafnið hans var í einu dagblaðanna þennan eftirmiðdag. Hann var í hópi nafnkunnra manna sem fylgdust með afmælismóti Skáksambands Íslands á Loftleiðahótelinu deginum áður. Ég spurði, hvort hann hefði farið þangað af áhuga eða forvitni. Hann sagðist hafa mikinn áhuga á skák en kunnáttan væri ekki í nokkru samræmi við áhugann. Samt hefði hún reynst sér mikill tímaþjófur. Hann væri svo ógurlegur dellukall. Á meðan á dvölinni í New York stóð, datt hann til dæmis í billíard. Um tíma var hann líka á bólakafi í austrænni fílósófíu. Ánetjaðist henni þó aldrei svo, að hann færi að ganga í kufli, en hún skildi eftir ýmislegt gott sem hann býr að enn. Ennþá hefur hann ekki lært að spila bridge, er svo hræddur um að falla algjörlega fyrir því.

Við fórum síðan að spjalla um sjónvarpsútsendinguna frá Biennalnum í Osló tveimur kvöldum áður, þar sem hann lék annan pianókonsert Prókoffieffs. Ég sagðist hafa tekið sérstaklega eftir því, hvað hendur hans virtust mjúkar á nótnaborðinu.

„Spaghettihendur" sagði hann og hló dátt og sveigði langa, mjúka fingurna svo að þeir vísuðu beint upp í loftið. „Annars virðist það ekki skipta máli hvernig hendur pianóleikarans eru lagaðar. Það notar hver sína tækni í samræmi við það hvernig hendur hans eru vaxnar. Sjáðu til að mynda hana Aliciu de Larrocha. Svo netta og fíngerða. Hendurnar á henni eru ekki stærri en á smástelpu. Ógnarkrafturinn í áslætti hennar er ekki í neinu samræmi við smæð handanna. Þetta stendur nefnilega ekkert í sambandi við sterka fingur, þótt margir virðist ætla það. Á hverju það byggist? Þetta byggist allt á góðu sambandi hérna uppi." Hann benti með annarri hendinni á höfuðið og strauk síðan hinni létt niður eftir handleggnum fram á fingurgóma. „Taugaboðin verða að vera í góðu lagi. Aðalatriðið er hins vegar að hugsun liggi að baki. Svo þýðir ekkert að vera illa fyrirkallaður að morgni, þegar byrjað er að æfa. Ég læt þó stöku sinnum eftir mér að sletta úr klaufunum. Hins vegar reyki ég og drekk kaffi, eins og þú sérð. Margir tónlistarmenn bragða þó aldrei kaffi, finnst það trekkja taugarnar um of. Ég kemst hins vegar ekki í gang nema fá mér þrjá, fjóra bolla.

En við vorum víst að tala um norrænu tónlistarkeppnina fyrir ungt fólk, var það ekki? Forvalið til keppninnar fer þannig fram, að tónlistarmaðurinn leikur inn á segulband í viðurvist sérstakrar valnefndar. Snældan er send til þátttökulandsins, en dómnefnd velur síðan til keppninnar eftir þessum tónböndum. Mjög margir sendu tónbönd að þessu sinni, en fáir náðu að keppa til úrslita. Meðalaldur keppenda nú var líka mun lægri en áður."

Mig langar til að vita, hvort eitthvað ákveðið atvik eða áhrif frá einhverri sérstakri persónu hefði orðið til þess að hann ákvað að verða pianóleikari. Var hann beittur ströngum aga í tónlistaruppeldinu?

„Það þurfti ekkert sérstak atvik til," svaraði hann og brosti. „Þetta var einfaldlega baktería sem settist að í skrokknum á mér og grasséraði þar með þessum afleiðingum.

Ég var afskaplega einrænn og ómannblendinn þegar ég var yngri. Fimmtán eða sextán ára gamall fluttist ég ásamt fjölskyldu minni í nýtt hverfi hérna í Reykjavík. Það tók mig óratíma að eignast kunningja á nýja staðnum, en þetta þýddi að ég varð ekki fyrir neinni truflun og gat setið við hljóðfærið allan liðlangan daginn. Að vísu var ég að gera fjölskylduna brjálaða með þessum endalausu æfingum, og fremur var ég beðinn að halda aftur af mér en hitt. Svona þróaðist þetta, að því er virðist án allra utanaðkomandi áhrifa."

Vonbrigði Þegar Virtúósarnir Reyndust Vera Venjulegir Menn

Ég spurði um aðalkennara hans í Tónlistarskólanum, Halldór Haraldsson. Myndaðist ekki sterkt samband á milli þeirra á þessum árum?

„Samband okkar Halldórs var ákaflega náið. Hann var mér mikill og góður leiðbeinandi og vinur. Ég held að þannig samband fyrirfinnist ekki lengur í nýtískuskólum. Fjöldi nemenda er orðinn svo mikill. Nemandi mætir í þá tíma sem honum eru settir fyrir, kennarinn miðlar honum því sem stundaskráin mælir fyrir um, en engu þar fram yfir. Síðan gengur næsti nemandi inn og svo koll af kolli. Ég held að goðsögnin um kennarann, sem leggur nemandann á hægra brjóstið strax í upphafi og leiðir hann síðan skref fyrir skref í átt til

Kristín Sveinsdóttir ræðir við **Þorstein Gauta Sigurðsson** pianóleikara sem vakti mikla athygli í vetur, þegar hann lék annan pianókonsert Prókoffieffs með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er nú búsettur í Miami á Florida.